



Verkefnastjórnun og kennsla ÍSAT í Brekkuskóla veturinn 2024 – 2025

Skólaárið 2024 – 2025 vann ég, Halla Kristín Tulinius, sem verkefnastjóri í „Íslensku sem annað tungumál“ í 40% stöðuhlutfalli og kenndi í viðbót 15 ÍSAT kennslustundir í viku. Aukning í starfshlutfalli verkefnastjóra úr 20% í 40% var vegna aukningar í komu flóttabarna í bið eftir vernd til okkar. Lovísa Helga Jónsdóttir var í ÍSAT kennslu í 80% stöðuhlutfalli.

Halla Kristín sá um kennslu yngri barna upp í 6. bekk en Lovísa ÍSAT kennari sá um kennslu í 7. – 10. bekk. Stofa 308 var ÍSAT stofa þar sem kennsla fór fram. Við höfðum einnig afnot af Áttavitanum á neðstu hæð skólans og fór fram kennsla þar líka. Við kennararnir vorum stundum í bekkjarstofum.



Nemendur á forstigi, 1. stigi og 2. stigi fengu ÍSAT tíma hjá okkur, frá 1 – 11 tímum á viku eftir stöðu nemenda og svigrúms í tímafjölda hjá okkur. ÍSAT tímar röðuðust einnig hjá sérkennurum árganga, þar sem ÍSAT nemendur fengu líka tíma í íslensku. Sumir nemendur fengu kennslu yfir ákveðið tímabili en aðrir allan veturinn.

Við ÍSAT kennararnir í Brekkuskóla ræddum saman á hverjum degi til að deila upplýsingum, skipuleggja og undirbúa kennslu og námsmat og ræða aðferðir í kennslu og námsefni. Samstarf er mikilvægur þáttur í skipulagi kennslu og starfsþróun. Einnig sátum við fundi með kennararteymum árganga nemenda okkar.

ÍSAT nemendur

Í vetur áttu 27 nemendur í skólanum báða foreldra með annað tungumál en íslensku, sem fyrsta mál og 43 nemendur sem átti annað foreldri með annað tungumál en íslensku, sem fyrsta mál. 6 af nemendum okkar í vetur voru í bið eftir vernd. Samtals voru því 70 nemendur af erlendum uppruna og eru þeir frá enn fleiri löndum. Einnig voru 18 snúbúar, þ.e. nemendur sem eiga íslenska foreldra en hafa búið erlendis í lengri eða skemmri tíma og hafa flust aftur til Íslands. Margir þessara nemenda vinna að almennum hæfniviðmiðum en svo eru aðrir sem vinna að viðmiðum íslensku sem annars tungumáls á forstigi og 1, 2 eða 3 stigi. Einnig eru 10 starfsmenn skólans af erlendum uppruna og eru tungumál einstaklinga í skólanum 16.

Skipulag kennslu

Markmið með kennslu í íslensku sem annað tungumál var að styðja við íslenskunám nemenda af erlendum uppruna, sem eru nýkomnir til Íslands eða hafa ekki náð grunnfærni í íslensku. Markmiðið er að nemendur verði virkir í að nota íslensku sem tjáningarform og stuðla þannig að sjálfstæði og virkri þátttöku í námi og starfi í íslensku skólasamfélagi og samfélaginu almennt. Við vinnum út frá stigskiptum stuðningi þar sem kennari sýnir og leiðir í byrjun og smám saman ná nemendur sjálfstæðari færni þar til þeir hafa náð markmiðum. Læsi er í forgrunni í kennslunni en stuðlað er að heilbrigði og velferð, jafnrétti og mannréttindum almennt með því að vinna með og hlúa að nemandanum og bakgrunni hans, stuðla að samræðum um heiminn í víðu samhengi og hvernig við tökum ábyrgð á að stuðla að jafnréttindum fyrir okkur og alla aðra, allt eftir því sem við á í hverjum aldurshóp. Með því að

tjá hugsanir sínar og skoðanir, nýta tækni og miðla, sem stuðning í námi og tjáningu, bera jafnt og þétt meiri ábyrgð á eigin námi og skilja og skilgreina markmið náms og starfs, sjálfstætt og í samvinnu við aðra, er stuðlað að því að hver og einn nemandi þrói lykilhæfni sína.

ÍSAT kennslan fór að mestu fram í litlum hópum 2 – 6 nemendur oftast úr hverjum árgangi en einnig voru hópar þar sem nemendur voru saman úr 2 eða 3 árgöngum og þurftu á svipaðri kennslu að halda. Stundum komu nemendur einir til okkar þegar verkefni kröfðust þess. Út frá markmiðum hvers stigs var lögð áhersla á hlustun, lestur, samræður, ritun og orðaforðavinnu. Mikilvægt í því samhengi var að vekja nemendur til umhugsunar um hvernig þeir geta aukið orðaforða sinn, færni í íslensku og námstækni. Unnið var með grunnorðaforða hjá þeim nemendum sem voru nýlega komnir til landsins, orðaforða tengdum daglegu lífi, skólanum og skólaumhverfinu. Með nemendum sem voru lengra komnir í íslenskunáminu var áhersla á samræður almennt og út frá flóknari orðaforða tengdum námsgreinum eða á þrepi 2 og 3. Á fyrsta stigi var unnið með ritun orða og stuttra setninga en á 2. stigi ritun stuttra texta og þá einnig út frá námsorðaforða. Unnið var á fjölbreyttan hátt með myndir og texta, spil og leiki. Spjaldtölvur og tölvur voru notaðar í þjálfun á orðaforða, við lestur og ritun, við upplýsingaleit og þýðingar og verkefnavinnu í classroom. Google translate, bæði með því að skrifa inn orð og texta, að tala inn í forritið og að taka myndir af textum og fá þýðingu, studdi vel við verkefnavinnu nemenda og samskipti þeirra við kennara og félag. Nemendur æfðu orðaforða með Wordwall verkefnum og fleiri síðum/öppum í Ipad eða tölvum. Nemendur kynntust forritinu Helperbird, en í því forriti geta nemendur fengið þýðingu á stökum orðum eða heilum textum á því máli sem þeir vilja, auk þess að þeir geta fengið textana upplesna. Notast var við ýmis verkefni sem nemendur unnu og einnig lögð fyrir ákveðin námsmatsverkefni. Niðurstöður voru settar í hæfnikort á Mentor á viðeigandi stigi og nemendur fengu umsagnir í námsmöppu.

Við sátum fundi sérkennsluteymis Brekkuskóla. Þar ræddum við um það sem var á döfinni hverju sinni í kennslu og skólastarfi okkar, lásam, hlustuðum á fyrirlestra og lærðum saman til að þróa starfshætti okkar. Áhersla í vetur var á stafræna notkun í kennslu. Við þjálfuðum okkur mest í að nota Wordwall til að vinna með orðaforða, Canva til að útbúa stuðningsblöð fyrir nemendur í stigskiptum stuðningi og Classkick þar sem við settum inn verkefni til að þjálfra orðaforða, lestur, lesskilning og ritun orða. Einnig erum við að vinna í því að nemendur geti nýtt sér Helperbird til að þýða orð/texta yfir á móðurmálið og að láta lesa upp fyrir sig. Við fórum á fræðslufund með ÍSAT kennurum á Akureyri þar sem farið var í tækninotkun í ÍSAT kennslu, sátum saman í fræðslu um: Hvernig málfræði lærist í íslensku sem annað mál og fórum á námskeið hjá Rauðakrossinum um sálræna skyndihjálp með áherslu á flóttabörn. Jafn og þétt yfir veturinn ræddum við um nám og kennslu út frá leiðsagnarnámi, teymisvinnu, vaxandi hugarfari, fjölmenningu o.fl.

Akureyri 11. júní 2025

Halla Kristín Tulinius

Verkefnastjóri og kennari í íslensku sem annað mál.

Lovísa Helga Jónsdóttir

Kennari í íslensku sem annað mál.

Verkefnastjórnun, samstarf og stafróun

Undirrituð var verkefnastjóri í íslensku sem annað mál. Megináhersla verkefnastjórnunarinnar var að taka á móti nemendum nýfluttum til Íslands og halda utanum skólaaðlögun þeirra og aðstæður í skólanum. Ég fylgdi þeim eftir í námi og aðlögun í byrjun skólagöngu á Íslandi í samvinnu við umsjónarkennara. Ég sá um að halda utan um fjölda nemenda, sem eiga íslensku sem annað tungumál og skila skýrslum til jöfnunarsjóðs og Fræðslu- og lýðheilsusviðs hvað það varðaði, fyrir haust og vorönn. Ég var í samvinnu við umsjónarkennara um nemendur með íslensku sem annað tungumál og

Lovísu ÍSAT kennara. Ég ræddi við kennara um stöðu nemendanna í íslensku, ráðlagði um námsefni fyrir ákveðna nemendur og vann námsmat í samvinnu við kennara.

Í vetur sat ég samráðsfundi í ÍSAT teymi, með Ingibjörgu Margréti Magnúsdóttur, kennsluráðgjafa fyrir íslensku sem annað tungumál á Fræðslu- og lýðheilsusviði, ásamt verkefnastjórum frá öðrum skólum á Akureyri. Fundað var einu sinni í mánuði, oftast í húsnæði Fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar en einnig funduðum við í skólunum sem gaf okkur aukið tækifæri til að læra hver af annarri. Á fundunum gaf Ingibjörg okkur ýmsar upplýsingar um gang mála varðandi þróun mála í komu og aðstæðum nemenda af erlendum uppruna og flóttafólks. Auk þess ræddum við ýmis mál er varðar móttöku og kennslu ÍSAT nemenda. Það var mikilvægt að hafa þessa upplýsingafundi og sérstaklega gefandi að heyra hvað verið er að gera í öðrum skólum. Einnig hittumst við á sameignlegum fræðslufundi varðandi tækninotkun í ÍSAT kennslu

Í vetur var áframhaldandi áhersla í Brekkuskóla á skólaþróun varðandi leiðsagnarnám og teymiskennslu í skólanum. Í vetur hélt ég áfram að þróa kennslu mína með aðferðinni Samræðufélagar (Talking Partners) með nemendum mínum. Í janúar fór ég á tveggja daga námskeið í Samræðufélagar fyrir eldri nemendur (TP secondary). Þessi aðferð hefur reynst mér og nemendum mínum vel þar sem mælanlegur árangur er greinilegur hjá nemendum sem taka þátt í námskeiðunum. Nemendur bæta orðaforða sinn, verða meira meðvitaðir um leiðir til að tileinka sér orðaforða og leiðir í tali, og verða öruggari í tjáningu sinni. Ég mun halda áfram að vinna eftir þessari aðferð og verður áhugavert að vinna með aðferðina fyrir eldri nemendur. Ég tók þátt í Menntabúðum Eymennt og kynnti mér aðallega ýmis forrit til að nota í kennslu eins og Classkick, Helperbird, WordWall, Diffit og Canva. Ég sat ráðstefnuna Gæði kennslu í HA þar sem fjallað var um íslenskar niðurstöður úr rannsókn um gæði kennslu á Norðurlöndunum og Vorráðstefnu Ráðgjafar og greiningarstöðvarinnar í maí en fjallaði hún um Fötluð börn og fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Ég las ýmsar greinar og hlustaði á netfyrirlestra varðandi læsi, jákvæða sálfræði, tengslamyndun og geðrækt, fjölmenningu og nám í tungumálum og ýmislegt fleira. Var þar m.a. athyglisvert að fræðast um hvernig málfræði lærist í íslensku sem annað mál og Evrópski tungumálaramminn skoðaður í því samhengi.

Ánægjulegt hefur verið að vinna með nemendum með íslensku sem annað tungumál og kennurum í skólanum í vetur. Mikilvægt var að fá inn annan ÍSAT kennara, bæði til að mæta þörfum nemenda beint en einnig eykur það á þróun ÍSAT kennslunnar í skólanum þegar tveir ÍSAT kennarar vinna saman. Ég er heppin að vera í virku lærdómssamfélagi nemenda og samstarfsfólks sem stuðlar að stöðugri þróun í ÍSAT kennslu og gerir starf mitt líflegt og gefandi.

Akureyri 11. júní 2025

Halla Kristín Tulinius, sérkennari
Verkefnastjóri og kennari í íslensku sem annað tungumál.

